

## Starfsreglur Foreldrafélags Flúðaskóla

### 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Flúðaskóla. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

### 2. grein

Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- standa vörð um réttindi barna til menntunar og aukins þroska.

### 3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- kjósa einn fulltrúa í skólaráð, samkvæmt starfsreglum félagsins eins og 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla gerir ráð fyrir
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með því að birta fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans
- styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans

### 4. grein

Stjórn félagsins skal skipuð þremur stjórnarmönnum og tveimur varamönnum, kosnum á aðalfundi. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, 1 stjórnarmaður annað árið og tveir stjórnarmenn hitt árið. Varamenn eru kosnir einn í senn ár hvert til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum (formaður, ritari og gjaldkeri). Aldrei skulu fleiri en 2 stjórnarmenn ganga úr stjórn í einu.

### 5. grein

Aðalfundur skal haldinn í byrjun október ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

#### **Verkefni aðalfundar:**

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar

- Kosning í stjórn foreldrafélags
- Kosning eins fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins.
- Önnur mál

#### 6. grein

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma upp á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

#### 7. grein

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.